



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Ákvörðun nr. 41/2014**

**varðandi verð og skilmála fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga**

**23. desember 2014**

**EFNISYFIRLIT****Bls.**

1. Inngangur .....	4
2. Málavextir .....	6
2.1 Tilkynning Mílu til PFS um fyrirhugaðar nýjar bitastraumsþjónustur .....	6
2.2 Beiðni Mílu um samþykki PFS fyrir breytingu á viðmiðunartilboði um bitastraumsaðgang .....	6
2.3 Innanlandssamráð vegna ákvörðunar PFS nr. 13/2014 .....	7
2.4 Athugasemdir Vodafone .....	7
2.5 Sjónarmið Mílu varðandi athugasemdir Vodafone .....	8
2.6 Ákvörðun PFS nr. 13/2014 .....	9
2.7 Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA .....	9
3. Verðskrá Mílu fyrir lén og tengiskil vegna samtenginga við kerfi Mílu .....	11
3.1 Verðskrá Mílu .....	11
3.2 Athugasemd frá Snerpu og Hringiðunni .....	11
3.3 Sjónarmið Mílu varðandi athugasemdir Snerpu og Hringiðunnar .....	12
3.4 Afstaða PFS til verðskrár Mílu fyrir lén og tengiskil .....	13
4. Kostnaðargreining Mílu fyrir VDSL+ þjónustu samkvæmt aðgangsléið 1 og 3 .....	15
4.1 Áætlaður fjöldi tenginga .....	15
4.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar .....	15
4.3 Stofnfjárfestingar og líftími .....	15
4.4 Rekstrarkostnaður .....	16
4.5 Mánaðargjald fyrir VDSL+ .....	16
4.6 Afstaða PFS .....	17
4.6.1 Áætlaður fjöldi tenginga .....	17



4.6.2	Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar .....	17
4.6.3	Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður .....	18
4.6.4	Útreikningur og niðurstaða um mánaðargjaldi fyrir VDSL+ .....	19
5.	Breytingar á viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang .....	20



## 1. Inngangur

Ákvörðun þessi kemur í kjölfar beiðni Mílu ehf. (Míla) um að hefja sölu á nýjum vörum, þ.e. annars vegar lén og tengiskil vegna samtenginga við kerfi Mílu á aðgangsléið 3 og VDSL+ fyrirtækjatengingar hins vegar.

Lén og tengiskil er ætlað internetþjónustuaðilum svo þeir geti boðið internetþjónustu sína yfir xDSL og GPON kerfi Mílu í aðgangsléið 3, þar sem tenging milli internetþjónustuaðilans og burðarnetsins þarf að vera til staðar.

VDSL+ er boðin á aðgangsléið 1<sup>1</sup> eða aðgangsléið 3<sup>2</sup> eftir því sem hentar viðskiptavinum Mílu. Um er að ræða fyrirtækjatengingar frá notanda að næsta nettengipunkti (DSLAM). Þegar varan er boðin á aðgangsléið 3 felur hún einnig í sér flutning á IP neti.

Framangreindar vörur tilheyrja markaði fyrir breiðbandsaðgang (markaður 5).

Samkvæmt ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 21/2014 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang að heimaugum (M4) og bitastraumi (M5), dags. 13. ágúst 2014, hvíla m.a. kvaðir á Mílu um gagnsæi og eftirlit með gjaldskrá fyrirtækisins fyrir breiðbandsaðgang um koparheimtaugar. Breytingar á gjaldskrá og viðmiðunartilboði Mílu er varða breiðbandsaðgang um koparheimtaugar eru því háðar samþykki PFS. Þær kvaðir sem lagðar voru á Mílu með ákvörðun PFS nr. 21/2014 komu í stað þeirra kvaða sem giltu skv. ákvörðun PFS nr. 8/2008<sup>3</sup>.

Hér að neðan er málavöxtum þessa máls lýst en í ákvörðun PFS nr. 13/2014, dags. 30. júní sl., var Mílu veitt heimild til að bjóða þessar vörur áður en tekin væri endanleg ákvörðun um verð og aðra skilmála.

PFS hefur yfirfarið verðskrá Mílu fyrir lén og tengiskil og kostnaðargreiningu Mílu vegna VDSL+ fyrirtækjatenginga. PFS samþykkir verðskrá Mílu fyrir lén og tengiskil. PFS samþykkir einnig kostnaðargreiningu Mílu vegna VDSL+ fyrirtækjatenginga með þeim breytingum sem lagðar eru til í ákvörðun þessari. PFS hefur einnig yfirfarið þær breytingar sem Míla lagði til að gerðar yrðu á viðmiðunartilboði sínu um bitastraumsaðgang með því að bæta viðaukum við núverandi tilboð, þar sem fram koma þeir skilmálar sem gilda um vörurnar. Um er að ræða Viðauka 6, 7A og 7B ásamt breytingu á viðmiðunartilboðinu sjálfu til að fella viðaukana inn í tilboðið. Viðaukarnir eins og þeir voru lagðir fram í innanlandssamráði sem fram fór á tímabilinu 17. september til 8. október sl. fylgja með sem fylgiskjal I, II og III með ákvörðun þessari. Niðurstaða PFS varðandi viðmiðunartilboð Mílu

<sup>1</sup>Afhending bitastraumsins er í DSLAM eða jafngildum búnaði á þeim stað þar sem koparheimtaugar tengjast tengigrind símsstöðvar og/eða tengigrind ljósleiðara í símsstöð, götuskáp eða öðru tækjarymi.

<sup>2</sup>Afhending bitastraumsins er eftir flutning með ATM/IP á stofnlínuneti að tengipunkti annars fjarskiptafyrirtækis við síðarnefnda netið.

<sup>3</sup>PFS nr. 8/2008, dags. 18. apríl 2008, um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsölumarkaði fyrir breiðbandsaðgang (markaður 12).



er tilgreind í kafla 5 hér að neðan. Niðurstöður framangreinds innanlandssamráðs er svo að finna í fylgiskjali IV.



## 2. Málavextir

### 2.1 Tilkyning Mílu til PFS um fyrirhugaðar nýjar bitastraumsþjónustur

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 28. mars sl., tilkynnti félagið stofnuninni um fyrirhugaða veitingu á nýjum bitastraumsþjónustum, ásamt verðum fyrir þær.

Annars vegar var um að ræða lén og tengiskil vegna samtenginga internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu á aðgangsléið 3. Fram kom að til að internetþjónustuaðilar geti boðið internetþjónustu sína yfir net Mílu í aðgangsléið 3 þyrfti að vera til staðar tenging milli internetþjónustuaðilans og burðarnetsins. Þar sem Míla hefði ekki byggt upp eigið burðarnet keypti Míla aðgang að burðarneti Símans og þar með BRAS (e. Broadband Remote Access Server). Verðið væri byggt á verði Símans fyrir þessa þjónustu. Samtengingarnar gætu átt sér stað á einum eða fleiri samtengipunktum sem staðsettir væru víðsvegar um landið. Kaupandi vörunnar bæri ábyrgð á tengingum inn í samtengipunkta og greiddi fyrir þær að fullu. Tengiskil í boði væru 1 Gb/s og 10 Gb/s. Kaupandi bæri einnig ábyrgð á nauðsynlegum ljósmódúl í sínum búnaði en Míla útvegaði samsvarandi búnað stöðvarmegin. Möguleg stærð samtengisambanda væri breytileg eftir tengistað. Þau væru takmörkuð við hraða tengiskila væru þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmörkuðust við 300 Mb/s utan þess.

Hins vegar var um að ræða VDSL+ þjónustu á aðgangsléið 3. Fram kom að varan hentaði fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki fyrir gagnaflutning og væri byggð á samsvarandi tækni og ADSL+. Um væri að ræða fyrirtækjatengingar frá notanda að næsta nettengipunkti (DSLAM), auk flutnings á IP neti. Enginn endabúnaður eða fyrsta stigs þjónusta væri innifalin í vörunni. Hraði til notanda væri 50 Mb/s og hraði frá notanda væri 25 Mb/s. Viðsemjandi bæri kostnað við nauðsynlegar lagnir innanhúss, s.s. uppsetningu á línudeili sem Míla gerði kröfu um að settur yrði upp á öllum VDSL og VDSL+ tengingum. Tengingar gætu ýmist verið frá sírstöðvum eða götuskápum. Þjónustan yrði í boði á sömu staðföngum/heimilisföngum og hefðbundnar VDSL tengingar. Óskað væri eftir heimild PFS til að setja þessa vöru strax á markað þar sem þónokkur eftirspurn væri eftir henni. Með bréfinu fylgdi kostnaðargreining fyrir þessa þjónustu.

### 2.2 Beiðni Mílu um samþykki PFS fyrir breytingu á viðmiðunartilboði um bitastraumsaðgang

Með tölvupósti, dags. 23. apríl sl., barst PFS formlega ósk Mílu um samþykki stofnunarinnar fyrir ofangreindum breytingum á viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang, þannig að félagið gæti hafið veitingu umræddrar þjónustu. Meðfylgjandi voru tveir viðaukar sem bætast skyldu við viðmiðunartilboðið, þ.e. viðauki 6 (Samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangsléiðar 3) og viðauki 7 (VDSL+ á aðgangsléið 3).



### 2.3 Innanlandssamráð vegna ákvörðunar PFS nr. 13/2014

Þann 13. maí sl. efndi PFS til samráðs um framangreinda beiðni Mílu um að fá að hefja veitingu umræddra þjónustutegunda áður en PFS tæki endanlega ákvörðun um skilmála og verð fyrir þær. Umræddir viðaukar voru meðfylgjandi.

Í máli PFS kom fram að meginreglan væri sú að Mílu væri óheimilt að hefja veitingu nýrrar heildsöluþjónustu á umræddum markaði sem ekki hefði verið birt til kynningar með a.m.k. þriggja mánaða fyrirvara. Einnig þyrfti að liggja fyrir samþykki PFS með sérstakri ákvörðun að undangengnu innanlandssamráði og samráði við Eftirlitsstofnun EFTA (ESA). PFS myndi á næstunni vinna að þessum málum og efna til umræddra samráða. Ljóst væri að endanleg ákvörðun kæmi ekki til með að líta dagsins ljós fyrr en með haustinu.

PFS teldi að sú þjónusta sem hér væri kynnt til sögunnar væri mikilvæg markaðnum og hefði því í hyggju að leggja til að Míla fengi heimild til að hefja veitingu hennar áður en endanleg ákvörðun PFS yrði birt. Ef ekki kæmu fram málefnaleg andmæli markaðsaðila gegn þessum áformum innan tilskilins frests hygðist PFS því heimila Mílu að hefja veitingu umræddrar þjónustu. Myndu þá þau verð og þeir skilmálar sem tilgreindir væru í viðaukunum gilda þar til endanleg ákvörðun PFS lægi fyrir í kjölfar yfirferðar PFS á kostnaðargreiningu og skilmálum Mílu.

Að lokum kom fram að hefðu markaðsaðilar málefnaleg andmæli fram að færa við beiðni Mílu um gildistöku framangreindra viðauka skyldu þau berast stofnuninni eigi síðar en 27. maí 2014. Athygli væri vakin á því að markaðsaðilar fengju síðar tækifæri til að gera efnislegar athugasemdir eða breytingartillögur við umrædda viðauka. Þetta samráð væri einungis hugsað til að aðilar gætu komið fram með málefnaleg andmæli gegn því að viðaukarnir öðluðust gildi áður en endanleg ákvörðun PFS lægi fyrir.

### 2.4 Athugasemdir Vodafone

Með bréfi Vodafone til PFS, dags. 28. maí sl., bárust stofnunni athugasemdir félagsins. Fram kom að þær þjónustur sem Míla hefði áhuga á að setja á markað hefðu verið kynntar með takmörkuðum hætti í umræddum viðaukum, ásamt því sem enginn rökstuðningur hefði fylgt frá stofnunni fyrir mikilvægi þess að horfa framhjá meginreglunni sem gilti varðandi upphaf veitingu nýrrar þjónustu.

Vodafone hefði frá 2009 lagt mikla áherslu á að aðgangssleið 1 yrði aðgengileg öllum fjarskiptafyrirtækjum á jafnréttisgrundvelli. Það væri mat Vodafone að sú staða væri ekki uppi ennþá, ásamt óvissu í verðlagningu og teldi að allur þungi stofnunarinnar sem og Mílu ætti að fara í að reyna að tryggja jafnræði á þeim markaði áður en farið væri út í það að setja nýjar þjónustur á markað.

Míla hefði ekki kynnt umrædda vöru fyrir Vodafone og þar af leiðandi væri það mat Vodafone að umrædd vara væri ekki mikilvæg fyrir fjarskiptafyrirtæki utan Skiptastæðunnar.



Í viðauka 7 væri Míla að kynna VDSL+ fyrirtækjatengingar frá notanda að næsta DSLAM. Vodafone benti PFS á að Síminn væri að nýta heildsöluskipta undir aðra þjónustu en aðgangssleið 1, t.a.m. undir fyrirtækjatengingar. Sú þjónusta hefði aldrei verið kynnt fyrir Vodafone, hvorki verð hennar eða hvernig hún gæti nýst Vodafone.

Þá óskaði Vodafone eftir rökstuðningi PFS fyrir því af hverju stofnunin teldi þessa þjónustu mikilvægari en að tryggja aðgang að aðgangssleið 1 og einnig eftir frekari kynningu á vörunni svo Vodafone gæti lagt mat á hvort að hún væri þess eðlis að hún væri mikilvæg markaðnum í heild sinni en hentaði ekki einungis tilteknum aðilum markaðarins.

Á fundi milli PFS og Vodafone þann 3. júní sl. kom fram að athugasemdir félagsins snéru fyrst og fremst að viðauka 7, þ.e. VDSL+ fyrirtækjatengingum. Helsta gagnrýni Vodafone á þá fyrirhuguðu þjónustu fólst í því að hún nýttist aðeins þeim sem keyptu aðgangssleið 3 en ekki þeim sem keyptu aðgangssleið 1.

Varðandi viðauka 6, þ.e. lén og tengiskil vegna samtenginga á aðgangssleið 3, hefði Vodafone kallað eftir því að færa viðskiptavinum sína frá Símanum til Mílu og gerði því ekki athugasemdir við að þessi þjónusta verði boðin áður en endanleg ákvörðun PFS lægi fyrir.

## 2.5 Sjónarmið Mílu varðandi athugasemdir Vodafone

Með bréfi Mílu til PFS, dags. 4. júní sl., bárust stofnuninni athugasemdir Mílu við framangreindar athugasemdir Vodafone.

Varðandi viðauka 6 (lén og tengiskil vegna samtenginga á aðgangssleið 3) kom fram að [...] <sup>4</sup> væri að bíða eftir því að geta keypt aðgang að lénum hjá Mílu. Í dag væru [...] að kaupa þessa samtengingu af Símanum. Þessir aðilar vildu frekar kaupa þjónustuna af Mílu. Ástæðan væri sú að sambandið sem þeir keyptu af Símanum væri dýrara en þeir gætu keypt af Mílu en þjónusta Símans væri ekki að fullu sambærileg við þá þjónustu sem Míla væri að bjóða. Síminn byði hefðbundna IP tengingu inn á IP net Símans sem nýtt væri fyrir BRAS/RADÍUS/LNS þjónustuna. Innifalið væri einnig sambandið milli A3 fyrirtækisins og næsta IP punkts Símans, en það væri ekki innifalið í þjónustu Mílu eins og fram kæmi í viðauka 6. Þar kæmi fram að kaupandi vörunnar bæri ábyrgð á tengingum inn í samtengipunkta og greiddi fyrir þær að fullu. Það þýddi að viðskiptavinir Mílu útveguðu sérstaklega sambandið frá þeirra tengipunkti að tengiskilum Mílu, annað hvort með því að leigja samband af Mílu eða með öðrum leiðum.

Varðandi viðauka 7 (VDSL+) kom fram að [...] hefðu óskað eftir eða spurst fyrir um VDSL+ þjónustu. Míla liti svo á að VDSL+ væri ekki ný tegund þjónustu hjá Mílu heldur væri um að ræða uppfærslu á ADSL+. Tæknileg uppbygging á þessari vöru væri sú sama og í ADSL+. Míla nýtti heimtaug og DSLAM og greiddi síðan Símanum fyrir aðgang að IP netinu.

---

<sup>4</sup> Upplýsingar felldar brott vegna trúnaðar. Það sama á við um upplýsingar sem fram koma í hornklofum hér að aftan.





Vodafone hefði gert athugasemd við að VDSL+ fyrirtækjatengingar hefðu ekki verið kynntar fyrirtækinu. Ástæðan væri sú að Míla kynnti ekki vörur sínar fyrr en að undangengnu samþykki frá PFS. Að lokinni yfirferð PFS hefði ætlunin verið að kynna vöruna fyrir markaðinum öllum á sama tíma.

Þá hefði PFS margoft í ákvörðunum sínum lagt áherslu á tæknilegt hlutleysi. Hefði PFS í hyggju að setja skorður við því hvernig Míla hygðist veita þjónustu á grundvelli tækni gengi það í berhögg við það.

Á fundi með Mílu þann 4. júní sl. tók Míla vel í þá tillögu Vodafone að umrædd VDSL+ fyrirtækjapjónusta yrði einnig í boði á aðgangssleið 1. Þann 13. júní sl. barst PFS svo uppfærður viðauki 7 frá Mílu þar sem viðauki 7A tekur til VDSL+ á aðgangssleið 3 en viðauki 7B til VDSL+ á aðgangssleið 1.

## 2.6 Ákvörðun PFS nr. 13/2014

Með ákvörðun PFS nr. 13/2014 um VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga á aðgangssleið 3, var Mílu heimilað að hefja veitingu nýrra tegunda bitastraumsþjónustu, sem fælist annars vegar í aðgangi að lénum og tengiskilum vegna samtengingar fjarskiptafyrirtækja við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangssleiðar 3 og hins vegar í aðgangi að VDSL+ fyrirtækjapjónustu í aðgangssleiðum 1 og 3, áður en Póst- og fjarskiptastofnun tæki endanlega ákvörðun um skilmála og verð fyrir umræddar þjónustutegundir. Þau verð sem um ræðir í fyrirhuguðum viðaukum 6, 7A og 7B við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsafgang skyldu gilda sem bráðabirgðaverð þar til endanleg verð hefðu verið ákvörðuð af PFS. Uppgjör vegna hugsanlegs verðmismunar skildi fara fram eigi síðar en einum mánuði eftir endanlega ákvörðun PFS um verðin.

## 2.7 Innanlandssamráð og samráð við Eftirlitsstofnun EFTA

Frumdrög að þessari ákvörðun um verð og skilmála fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 17. september 2014 og lauk samráðinu þann 8. október sl. Athugasemdir bárust frá Hringiðunni ehf. og Snerpu ehf. PFS sendi athugasemdir fyrirtækjanna til umsagnar hjá Mílu. Niðurstöðuna úr samráðinu má finna í fylgiskjali IV.

Drög að ákvörðuninni, voru send ESA og öðrum eftirlitsstofnunum á EES-svæðinu til samráðs þann 19. nóvember sl., sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og 7. gr. rammatilskipunar ESB. Þann 19. desember 2014 barst álit ESA.

ESA bendir á að ákvörðun PFS nr. 13/2014 hafi uppfyllt skilyrði 6. mgr. 7. gr. rammatilskipunarinnar, þar sem með ákvörðuninni hafi bráðabirgðaverð verið ákvörðuð. Þrátt fyrir það hafi PFS ekki tilkynnt ESA um ákvörðunina eins og segir í umræddri grein rammatilskipunarinnar. ESA minnir á að umrætt ákvæði gildir um bráðabirgðaaákvæðanir eftirlitsstofnana og að slíkar ákvarðanir skuli eingöngu teknar í undantekningartilfellum. Í



I ljósi útskýringa PFS og þeirrar ákvörðunar sem hér er til umfjöllunar til staðfestingar á ákvörðun PFS nr. 13/2014 gerir ESA þó ekki frekari athugasemdir hvað þetta varðar.

ESA bendir einnig á að í ljósi þess að verðskráin byggir á nokkrum gefnum forsendum, svo sem fjölda um tenginga, og að 20% umsýslugjaldið byggir ekki á útreikningum á kostnaði, þá sé mikilvægt að PFS beiti verðskrárkvöðinni eins og hún sé sett fram í ákvörðun PFS nr. 21/2014 og innan þess tímaramma sem hefur verið settur með ákvörðuninni, í febrúar 2015.



### 3. Verðskrá Mílu fyrir lén og tengiskil vegna samtenginga við kerfi Mílu

#### 3.1. Verðskrá Mílu

Í bréfi Mílu dags. 28. mars 2014 lagði Míla fram drög að verðskrá fyrir lén og tengiskil vegna samtenginga við kerfi Mílu.

Í bréfi Mílu segir:

*„Verð fyrir þjónustuna miðast við verðskrá Símans auk [...] álagningar vegna umsýslu Mílu. Umsýslan felst í því að Míla „frontar“ þjónustuna gagnvart viðskiptavinum sínum, kostnaði við innheimtu og almenna umsýslu varðandi tengingarnar, auk þess sem varan þarf að taka á sig hlutdeild í yfirstjórnar og stoðdeildakostnaði.*

*Verðskrá fyrir þjónustuna frá Mílu er eftirfarandi:*

Verðskrá	
<b>Stofngjöld</b>	
Uppsetning á fyrsta léni .....	114.173 kr.
Uppsetning á aukaléni.....	28.543 kr.
<b>Mánaðargjöld</b>	
Tengiskil allt að 1 Gb/s .....	9.986 kr.
Tengiskil 10 Gb/s .....	59.921 kr.
Lénagjald pr. lén.....	7.000 kr.

*Verð er án virðisaukaskatts.*

*Verð fyrir stofntengingu við burðarnetið miðast við almenna verðskrá fyrir viðkomandi tegund tengingar.*

*Til þess að eiga kost á að tengjast 10 Gb/s tengiskilum, þarf viðsemjandi að vera með að lágmarki 3.000 viðskiptavini á aðgangskerfi Mílu.“*

#### 3.2 Athugasemd frá Snerpu og Hringiðunni

Þann 29. júlí 2014 barst með tölvupósti athugasemd frá Snerpu sem lagt var fram í samráði við Hringiðuna samkvæmt því sem fram kom í tölvupósti Snerpu. Athugasemdin varðaði viðauka 6 sem birtur var í samráði vegna ákvörðunar PFS nr. 13/2014 en þar sem athugasemdin barst eftir að því samráði lauk er hún tekin hér til umfjöllunar.

Í bréfi Snerpu kemur fram að Míla sé með þessu að byrja að innheimta fyrir aðgang að BRAS. Talað sé um nýja þjónustu sem sé örugglega misskilningur þar sem hún hafi verið með



Þessum hætti til fjölda ára. Samkvæmt skilningi Snerpu og Hringiðunnar hafi verðið fyrir þessa þjónustu verið innifalið í portagjaldi.

Þá er í tölvupóstinum bent á að í ákvörðun PFS nr. 17/2014 sé gert ráð fyrir BRAS þjónustu í portaverði og myndi þetta óbreytt því þýða að netveitur væru tvírukkaðar fyrir sömu þjónustu, þ.e. „Access and MDF services“ og „BRAS“, eins og eftirfarandi tafla sýnir:

**Tafla 7.9 Einingakostnaður á mánuði – Aðgang sleið 3**

Activity	ADSL/VDSL
Access and MDF services	[...]
DSL DSLAM	[...]
Core and Backhaul Switching	[...]
Core distance	[...]
Backhaul distance	[...]
BRAS	[...]
CPE (wholesale build)	[...]
<b>Total cost - Option 3</b>	<b>1.367</b>

Þá bendir Snerpa á að Míla innheimti nú þegar hjá Snerpu gjald fyrir „innanhússfiber“, 1.000 kr., sem reikna megi með að Míla vilji fá fyrir fibertrunk frá „BB-skáp“ þar sem Snerpa sé með tengipunkt til patchahillu við BRAS Mílu í símsstöð á Ísafirði. Mætti færa fyrir því rök að slíkt falli einnig undir „Access and MDF services“.

Að auki greiðist síðan flutningur frá BRAS til netveitu sem Snerpa sjái nú um sjálf með eigin ljósleiðara og Hringiðan kaupir af Símanum.

Snerpa og Hringiðan lögðu einnig fram athugasemdir við verðskrá Mílu fyrir lén og tengiskil þegar drög að þeirri ákvörðun sem hér um ræðir fór í innanlandssamráði. Í fylgiskjali IV við ákvörðun þessa er fjallað um niðurstöðu samráðsins.

### 3.3 Sjónarmið Mílu varðandi athugasemdir Snerpu og Hringiðunnar

Í tölvupósti Mílu til PFS, dags. 3. september sl., bárust stofnuninni sjónarmið Mílu við framangreindum athugasemdum Snerpu og Hringiðunnar. Í póstinum segir:

*„Af hendi Mílu er klárlega um nýja þjónustu að ræða hvað varðar lén og BRAS. Aðgangur að BRAS hefur vissulega verið fyrir hendi hjá Símanum en Míla hefur ekki verið með þessa þjónustu í boði. Ekki er hægt að segja að um sé að ræða yfirtöku á þjónustu frá Símanum þar sem Síminn er enn að bjóða þessa þjónustu en sú þjónusta er með annarri útfærslu en hjá Mílu.*

*Það fyrirkomulag sem hefur verið í gildi er með þeim hætti að viðskiptavinir hafa keypt tengingu inn á IP-netið af Símanum en sú þjónusta er fyrir tengingu frá viðskiptavini inn á BRAS kerfi Símans. Míla er hins vegar að bjóða staðgönguþjónustu sem kostar tæplega*



*10.000 fyrir 1 Gb/s port og er ekki greitt sérstaklega fyrir bandvídd inn á BRAS kerfi Símans. Viðskiptavinir þurfa ekki lengur að skipta við Símann heldur geta keypt þessa þjónustu á mun lægra verði af Mílu. Það er val sem viðskiptavinur hefur.*

*Snerpa talar um að þetta hafi verið innifalið í portagjaldi. Hvaða portagjald á Snerpa við? Míla kannast ekki við að þessi þjónusta sé innifalin í neinu portagjaldi hjá Mílu.*

*Vissulega er kostnaður við BRAS þjónustu hluti af aðgangssleið 3 en samkvæmt upplýsingum frá Símanum var kostnaður við aðgangstengingu inn á IP-netið (port í stöð) þar ekki meðtalinn.*

*Snerpa heldur því fram að með þessari þjónustu sé Míla að byrja að innheimta fyrir aðgang að BRAS. Míla er með þessari vöru að bjóða viðskiptavinum upp á þann valmöguleika að kaupa þennan aðgang af Mílu í stað Símans.“*

Einnig kom fram hjá Mílu að innanhúss-fiberinn sé fyrir tengingu frá búnaði viðskiptavinar inn á IP net Símans. Þessi kostnaður hafi ekki verið hluti af kostnaðargreiningunni fyrir bitastraumsaðgang.

### **3.4 Afstaða PFS til verðskrár Mílu fyrir lén og tengiskil**

Verðskrá Mílu fyrir lén og tengiskil vegna samtenginga við kerfi Mílu byggir á því að Míla er að mestu að endurselja þjónustu Símans. Míla leggur til að [...] umsýsluþóknun sé lögð á gjöld Símans og er hún innifalin í verðum Mílu.

Endursala felur í sér nokkra umsýslu sem hefur kostnað í för með sér. Eftirfarandi er dæmi um þá þjónustu sem veitt er af endursala og kostnað sem getur fallið til:

- Sölu­kostnaður.
- Reikningssamband við viðskiptavini og fjármögnun viðskiptakrafna.
- Afskrift viðskiptakrafna.
- Annars stigs þjónusta við viðskiptavini.
- Upplýsingakerfi.
- Hlutdeild í sameiginlegum kostnaði (t.d. húsnæðis-, skrifstofu- og launakostnaði).
- Samtenging neta.

PFS telur að kostnaður vegna umsýslu geti verið 20% af útlögðum kostnaði og telur þennan kostnað vera innan eðlilegra marka í þessu tilfalli. Þetta er samræmi við fyrri framkvæmd, sbr. ákvörðun PFS nr. 35/2011 (kostnaðargreining leigulína). Niðurstaða PFS er að 20% af útlögðum kostnaði sé notað til að áætla umsýslukostnað að þessu sinni.

Lén og tengiskil verða hluti af vöruúrvali Mílu sem verður til skoðunar í kostnaðargreiningu Mílu sem boðuð er í ákvörðun PFS nr. 21/2014 og Míla skal leggja fram í febrúar 2015. Í þeirri kostnaðargreiningu skal Míla framkvæma kostnaðarmat vegna framangreindra þátta í



umsýslu Mílu (tímamælingar o.þ.h.) og leggja það mat til grundvallar við útreikning á gjaldskrá frekar en að miða við fasta prósentu álagning á verðskrá Símanans.

Hvað varðar athugasemdir Snerpu og Hringiðunnar þá hafa fyrirtækin nú val um að kaupa þjónustu af Mílu eða Símanum sem að mati PFS er til bóta, auk þess sem þessi þjónusta Mílu getur verið hagstæðari fyrir viðkomandi aðila en sú þjónusta sem er í boði hjá Símanum.

Kostnaður vegna BRAS í kostnaðargreiningu Símanans<sup>5</sup> vegna aðgangsléiðar 1 og 3 sem Snerpa vísar til var annars vegar tilkominn vegna fjárfestingarkostnaðar búnaðarins og svo hlutdeild í rekstrarkostnaði IP/MPLS nets Símanans. Samkvæmt Mílu þá var kostnaður við aðgangstengingu inn á IP-netið (port í stöð) ekki meðtalinn í kostnaðargreiningunni. Þessi kostnaður var ekki sérstaklega tilgreindur í kostnaðargreiningu Símanans sem fyrirtækið afhenti PFS á sínum tíma. Kostnaðarliðurinn „Access and MDF services“ í greiningunni náði ekki yfir svokallaða innanhússfíbera og því innheimtir Míla sérstakt gjald fyrir þá.

Í kjölfar innanlandssamráðs kom fram hjá Mílu að misskilningur hafi orðið á milli Símanans og Mílu um innheimtu á mánaðargjöldum fyrir lén, 7.000 kr. Síminn innheimti ekki þessi gjöld og skuli þau því tekin út úr verðskrá Mílu. Nánari umfjöllun er að finna í fylgiskjali IV, þar sem farið er yfir þær athugasemdir sem bárust í innanlandssamráðinu.

Það er fyrirhuguð niðurstaða PFS að samþykkja verðskrá Mílu, eins og hún var lögð fram í bréfi Mílu, dags. 28. mars sl. með þeirri breytingu sem Míla lagði til í kjölfar innanlandssamráðs. Eftirfarandi verð munu þá gilda fyrir lén og tengiskil:

---

**Stofngjöld**

---

Uppsetning á fyrsta léni	114.173 kr.
Uppsetning á aukaléni	28.543 kr.

---

**Mánaðargjöld**

---

Tengiskil allt að 1 Gb/s	9.986 kr.
Tengiskil 10 Gb/s	59.921 kr.

---

Verðin eru án virðisaukaskatts. Nánari útlistun á því hvað er innifalið í þessari þjónustu er að finna í Viðauka 6 við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsþjónustu (Fylgiskjal I), að teknu tilliti til þeirra breytinga sem tilgreindar eru í kafla 5 í ákvörðun þessari.

---

<sup>5</sup> Í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013, dags. 26. mars 2013, um sátt milli Skipta hf. og Samkeppniseftirlitsins fluttist bitastraumsaðgangur frá Símanum til Mílu þann 1. september 2013. Frá þeim tíma varð kostnaðargreiningin á forræði Mílu.



#### **4. Kostnaðargreining Mílu fyrir VDSL+ þjónustu samkvæmt aðgangsléið 1 og 3**

Míla lagði fram kostnaðargreiningu fyrir VDSL+ í aðgangsléið 3 þann 28. mars 2014 og fyrir VDSL+ í aðgangsléið 1 þann 11. júní 2014.

Í kostnaðargreiningu Mílu kemur eftirfarandi fram:

*„VDSL+ er vara sem hentar litlum og meðalstórum fyrirtækjum fyrir gagnaflutning.*

*Endabúnaður og fyrsta stigs þjónusta (þjónusta við endanotanda) er á ábyrgð viðsemjanda.*

*Verð miðast við að neðra tíðnisvið heimtaugar sé einnig í leigu en gjald fyrir efra tíðnisvið heimtaugar er innifalið í leiguverði.*

*Sé neðra tíðnisvið heimtaugar ekki í notkun greiðist sérstaklega fyrir það.*

*Hraði til notanda er 50 Mb/s og hraði frá notanda er 25 Mb/s*

*Viðsemjandi ber kostnað við nauðsynlegar lagnir innanhúss, s.s. uppsetningu á línudeili sem Míla gerir kröfu um að settur sé upp á öllum VDSL og VDSL+ tengingum.*

*Tengingar geta ýmist verið frá símsstöðvum eða götuskápum. Sé um að ræða tengingu frá götuskáp er varaafll ekki til staðar.*

*Þjónustan er í boði á sömu staðföngum/heimilisföngum og hefðbundnar VDSL tengingar.“*

##### **4.1 Áætlaður fjöldi tenginga**

Þar sem um er að ræða nýja vöru er ekki ljóst hver fjöldi tenginga verður. Míla áætlað að fjöldi tenginga verði kominn í [...] eftir eitt ár. Míla gerir ráð fyrir að hluti núverandi ADSL+ tenginga færast yfir á VDSL+.

##### **4.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar**

Við útreikninga á árgreiðslu miðar Míla við að meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC) sé 8%.

##### **4.3 Stofnfjárfestingar og líftími**

Í kostnaðargreiningu Mílu kemur fram að stillingar og skráningar í kerfi félagsins séu tímafrekari en þegar um sé að ræða venjulegar ADSL/VDSL tengingar.

Í kostnaðargreiningu Mílu segir:

*„Stillingar fyrir ISPa og á hverri tengingu*

*[...]*



## ***Þjónustuvefur, samskiptagátt, APC, Dísa og Grandslam***

[...]

### ***Heildarkostnaður***

*Stofnkostnaður við stillingar og skráningar í kerfi er samkvæmt ofansögðu áætlaður [...] kr. á tengingu. Miðað við [...] ára líftíma og 8% WACC hlutfall er árgreiðsla [...] kr. eða [...] kr. á mánuði.*

### **4.4 Rekstrarkostnaður**

Í kostnaðargreiningu Mílu segir:

[...]

### **4.5 Mánaðargjald fyrir VDSL+**

Niðurstaða Mílu varðandi mánaðargjald fyrir VDSL+ í aðgangsléið 1 er eftirfarandi:

[...]

Þegar um er að ræða VDSL+ í aðgangsléið 3, bætist við flutningur um IP net.

Í kostnaðargreiningu Mílu kemur fram að burðurinn á IP neti sé dýrari hjá VDSL+ en hjá ADSL/VDSL. Samkvæmt upplýsingum frá Símanum sé verið fyrir aðgang að IP netinu með gagnaflutningshraða VDSL+ [...] kr. á mánuði.

Niðurstaða Mílu varðandi mánaðargjald fyrir VDSL+ í aðgangsléið 3 er eftirfarandi:

[...]

Í viðauka 7A og 7B er einnig tilgreint stofngjald fyrir hverja VDSL+ tengingu að upphæð 3.166 kr.

Þá lagði Míla fram í tölvupósti þann 22. ágúst sl. nýjan Viðauka 7A þar sem eftirfarandi texta hafði verið bætt við:

*„Á hverri VDSL+ tengingu á A3 eru í boði allt að 3 þjónustutengingar (VLAN). Innifalið í verði fyrir VDSL+ tengingu er ein þjónustutenging (VLAN). Óski viðskiptavinur eftir fleiri þjónustutengingum þá er greitt stofnverð fyrir hverja þjónustutengingu (VLAN) [...]“*

Í tölvupósti frá Mílu þann 28. ágúst sl. kom fram að gjaldið fyrir hverja viðbótar þjónustutengingu sé samkvæmt kostnaði Símans og miðist við [...].





## 4.6 Afstaða PFS

### 4.6.1 Áætlaður fjöldi tenginga

PFS hefur ekki forsendur til að draga í efa áætlun Mílu um fjölda tenginga. VDSL+ verður hluti af vöruúrvali Mílu sem verður til skoðunar í kostnaðargreiningu Mílu sem boðuð er í ákvörðun PFS nr. 21/2014 og Míla skal leggja fram í febrúar 2015. Þá verður væntanlega komin meiri reynsla á þróun þessarar vöru og eftirspurn eftir henni.

### 4.6.2 Vegið meðaltal fjármagnskostnaðar

Í 16. gr. reglugerðar nr. 564/2011, um bókhald og kostnaðargreiningu í rekstri fjarskiptafyrirtækja, segir að reikna skuli kostnað af stofnfjármagni sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við framboð þjónustu eða þjónustuvöru. Ávöxtun fjármagnsins skal byggjast á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) sem reiknast út frá ávöxtunarkröfu eiginfjár og ávöxtunarkröfu skulda í samræmi við reglugerð nr. 564/2011. CAPM líkanið (Capital Asset Pricing Model) skal notað við útreikning á ávöxtunarkröfu eiginfjár og skal krafan endurspegla tímavirði peninga og áhættu tengda rekstri á viðeigandi markaði. Nánari lýsingu á útreikningum á vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar (WACC) og ávöxtunarkröfu eiginfjár má finna í viðauka við reglugerð nr. 564/2011.

Ávöxtunarkrafa skulda skal reiknuð sem summa áhættulausra vaxta og vaxtaálags, sem endurspeglar eðlilegt álag félaga á markaði. PFS ákvarðar eigi sjaldnar en árlega ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) út frá markaðsálagi, hagkvæmri skuldsetningu og stöðu veltufjár og -skulda.

Veginn meðalkostnaður fjármagns (WACC) miðað við forsendur PFS er sýndur í töflunni hér að neðan.

*Útreikningur á ávöxtunarkröfu Mílu***WACC****Ávöxtunarkrafa**

Áhættulausir vextir	3,13%
Óvoguð beta	0,50
Voguð beta	0,72
Skuldir/eigið fé	0,54
Markaðsálag	5,00%
<b>Ávöxtunarkrafa eigin fjár</b>	<b>6,71%</b>
Áhættulausir vextir	3,13%
Skuldaálag	3,00%
<b>Kostnaður skulda</b>	<b>6,13%</b>
Vaxtaberandi skuldir %	35%
Eigið fé %	65%
Skatthlutfall	20%
Kostnaður skulda eftir skatta	4,90%
Ávöxtunarkrafa eigin fjár fyrir skatta	8,38%
<b>WACC fyrir skatta (pre-tax)</b>	<b>7,6%</b>

Það er því mat PFS að vegið meðaltal fjármagnskostnaðar (WACC real) Mílu sé 7,6% fyrir árið 2013 í útreikningum á ávöxtunarkröfu fjármagns sem bundið er í eignum sem notaðar eru í sambandi við þjónustuframboð félagsins. Ekki er tekið tillit til stöðu veltufjár og -skulda í útreikningum PFS að þessu sinni.

Í greiningu Mílu frá 28. mars 2014 var í forsendunum miðað við 8,0% ávöxtunarkröfu á eigið fé og skuldir (WACC) sem var ávöxtunarkrafa Mílu fyrir árið 2012.

**4.6.3 Rekstrar- og fjárfestingarkostnaður**

PFS gerir ekki athugasemd við þær forsendur sem Míla miðar við í áætlun um stofnkostnað, rekstrarkostnað og líftíma.

Eins og fram kom hér að framan þá er það mat PFS að WACC Mílu sé 7,6% fyrir árið 2013 og er það skoðun PFS að miða eigi við það í útreikningum á árgjaldi.

Miðað við [...] ára líftíma og 7,6% WACC hlutfall er árgreiðslan [...] kr. eða [...] kr. á mánuði í stað [...] kr.

Þá hækkaði mánaðargjald VDSL í aðgangsléið 1 úr 911 kr. í 912 kr. þann 1. ágúst sl.



#### 4.6.4 Útreikningur og niðurstaða um mánaðargjaldi fyrir VDSL+

Miðað við ofangreindar forsendur verður mánaðargjaldið fyrir VDSL + eftirfarandi:

---

<b>Mánaðargjald VDSL+ í aðgangsléið 1</b>	
Árgreiðsla - Stillingar og skráningar	[...] kr.
Rekstrarkostnaður	[...] kr.
Grunnverð - Aðgangsléið 1	[...] kr.
<b>Samtals</b>	<b>2.424 kr.</b>

---

---

<b>Mánaðargjald VDSL+ í aðgangsléið 3</b>	
Árgreiðsla - Stillingar og skráningar	[...] kr.
Rekstrarkostnaður	[...] kr.
Grunnverð - Aðgangsléið 1	[...] kr.
Aðgangur að IP neti	[...] kr.
<b>Samtals</b>	<b>5.420 kr.</b>

---

Niðurstaða PFS er að mánaðarverð fyrir VDSL+ í aðgangsléið 1 skuli vera 2.424 kr. og mánaðarverð fyrir VDSL+ í aðgangsléið 3 skuli vera 5.420 kr. [...].

PFS gerir ekki athugasemd við að stofngjald hvernar VDSL+ tengingar verði 3.166 kr. sem er stofngjaldið fyrir heimtaugaleigu.

Öll verð eru án virðisaukaskatts. Nánari útlistun á því hvað er innifalið í þessari þjónustu er að finna í Viðaukum 7A og 7B við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsþjónustu sem fylgja með ákvörðun þessari í fylgiskjölum II og III.

Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 13/2014 skal uppgjör vegna hugsanlegs verðmismunar fara fram eigi síðar en einum mánuði eftir að endanleg ákvörðun PFS um verðin liggur fyrir.



## 5. Breytingar á viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang

PFS fór þess á leit við Mílu að fyrirtækið myndi gera tillögur að breytingum á viðmiðunartilboði sínu um bitastraumsaðgang þar sem tekið væri tillit til þessarar nýju þjónustuliða hvað varðar verð og skilmála.

Míla útbjó í kjölfarið viðauka 6 (Samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangsléiðar 3) og viðauki 7 (VDSL+ á aðgangsléið 3) við viðmiðunartilboð Mílu um bitastraumsaðgang. Þessir viðaukar fylgdu með samráðinu sem PFS efndi til þann 13. maí sl. um beiðni Mílu um að fá að hefja veitingu umræddra þjónustutegunda áður en PFS tæki endanlega ákvörðun um skilmála og verð fyrir þær.

Þann 13. júní sl., í kjölfar ábendingar frá Vodafone, barst PFS svo uppfærður viðauki 7 frá Mílu þar sem viðauki 7A tekur til VDSL+ á aðgangsléið 3 en viðauki 7B til VDSL+ á aðgangsléið 1.

Þann 22. ágúst sl. óskaði PFS eftir því að Míla legði fram uppfærða viðauka 7A og 7B í samræmi við þær breytingar á verði sem PFS lagði til. Uppfærðir viðaukar bárust PFS sama dag en Míla gerði einnig breytingar sem snúa að þjónustutengingum (VLAN). Innifalið í verði fyrir VDSL+ tengingu í aðgangsléið 3 er ein þjónustutenging. Óski viðskiptavinur eftir fleiri þjónustutengingum þá er greitt stofnverð fyrir hverja viðbótar þjónustutengingu.

Þá óskaði PFS einnig eftir því að viðmiðunartilboð Mílu yrði uppfært og viðaukarnir tilgreindir í sjálfu viðmiðunartilboðinu. Eintak af uppfærðu viðmiðunartilboði Mílu um bitastraumsaðgang þar sem viðeigandi breytingar á viðmiðunartilboðinu í kafla 1.6 eru sýndar barst PFS þann 5. september sl.

Drög að ákvörðun þessari fóru í innanlandssamráð þann 17. september sl. ásamt þeim breytingum á viðmiðunartilboði Mílu sem fyrirtækið óskaði eftir og viðaukum 6, 7A og 7B.

Í kjölfar athugasemda í innanlandssamráðinu er það niðurstaða PFS að Míla skuli gera eftirfarandi breytingar á viðauka 6 „*Samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangsléiðar 3*“:

- Fella niður eftirfarandi málsgreinar:  
„*Möguleg stærð samtengisambanda er breytileg eftir tengistað. Stærðin er ekki takmörkuð séu þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmarkast við 300 Mb/s utan þess.*“  
„*Möguleg stærð samtengisambanda er breytileg eftir tengistað. Þau eru takmörkuð við hraða tengiskila séu þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmarkast við 300 Mb/s utan þess.*“

Í stað þeirra komi:

„*Möguleg stærð samtengisambanda er breytileg eftir tengistað. Þau eru takmörkuð við hraða tengiskila séu þau staðsett á höfuðborgarsvæðinu, en takmarkast við 300*



*Mb/s utan þess. Takmörkun sambanda utan höfuðborgarsvæðisins við 300 Mb/s kemur ekki í veg fyrir að viðsemjandi geti lagt fram málefnalega og sanngjarna beiðni um stærra samband.“*

- Fella niður eftirfarandi málsgrein:  
*„Til þess að eiga kost á að tengjast 10 Gb/s tengiskilum, þarf viðsemjandi að vera með að lágmarki 3.000 viðskiptavinum á aðgangskerfi Mílu.“*

Í stað hennar komi:

*„Til þess að eiga kost á að tengjast 10 Gb/s tengiskilum, þarf viðsemjandi að sýna fram á að beiðni um slíkt sé sanngjörn og málefnaleg.“*

- Fella niður eftirfarandi málsgrein:  
*„Óheimilt er að samnýta þessar tengingar til notkunar fyrir aðra þjónustu sem tengist ekki samtengingu við kerfi Mílu vegna aðgangsleiðar 3.“*

Í stað hennar komi:

*„Óheimilt er að samnýta tengiskil við BRAS þjónustu til notkunar fyrir aðra þjónustu sem tengist ekki samtengingu við kerfi Mílu vegna aðgangsleiðar 3.“*

Í kjölfar innanlandssamráðs kom fram hjá Mílu að misskilningur hafi orðið á milli Símans og Mílu um innheimtu á mánaðargjöldum fyrir lén að fjárhæð 7.000 kr. Síminn innheimti ekki þessi gjöld og skuli þau því tekin út úr verðskrá Mílu. Eftirfarandi verð munu því gilda fyrir lén og tengiskil, og skal Míla breyta viðauka 6 í samræmi við það:

---

**Stofngjöld**

---

Uppsetning á fyrsta léni	114.173 kr.
Uppsetning á aukaléni	28.543 kr.

---

**Mánaðargjöld**

---

Tengiskil allt að 1 Gb/s	9.986 kr.
Tengiskil 10 Gb/s	59.921 kr.

---

Ekki voru gerðar athugasemdir í innanlandssamráðinu við viðauka 7A og 7B. PFS samþykkir því viðauka 7A og 7B eins og þeir birtust í framangreindu innanlandssamráði.



## ÁKVÖRÐUNARORÐ

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir verð og skilmála Mílu ehf. fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar á aðgangsléið 1 og 3 eins og þau liggja fyrir í fylgiskjölum II og III með ákvörðun þessari.

Póst- og fjarskiptastofnun samþykkir verð og skilmála Mílu ehf. fyrir samtengingar internetþjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangsléiðar 3 (lén og tengiskil) með þeim breytingum sem kveðið er á um í kafla 5 hér að framan.

Mánaðarverð fyrir VDSL+ í aðgangsléið 1 verður 2.424 kr. og mánaðarverð fyrir VDSL+ í aðgangsléið 3 verður 5.420 kr. Stofngjald hvernar VDSL+ tengingar verður 3.166 kr.

Eftirfarandi verð munu gilda fyrir lén og tengiskil:

<b>Stofngjöld</b>	
Uppsetning á fyrsta léni	114.173 kr.
Uppsetning á aukaléni	28.543 kr.

  

<b>Mánaðargjöld</b>	
Tengiskil allt að 1 Gb/s	9.986 kr.
Tengiskil 10 Gb/s	59.921 kr.

Ný verðskrá og skilmálar Mílu ehf. fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga skulu taka gildi frá og með 1. febrúar 2015.

Hin nýja verðskrá Mílu ehf. tekur við af bráðabirgðaverðskrá sem sett var með ákvörðun PFS nr. 13/2014. Í samræmi við ákvörðun PFS nr. 13/2014 skal uppgjör vegna hugsanlegs verðmismunar fara fram eigi síðar en 1. mars 2015.



Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 23. desember 2014

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar Þórðarson

- Fylgiskjal I: Viðauki 6: Samtengingar internethjónustuaðila við xDSL og GPON kerfi Mílu vegna aðgangслейðar 3, eins og hann var birtur í innanlandssamráði
- Fylgiskjal II: Viðauki 7a: VDSL+ á Aðgangслейð 3, eins og hann var birtur í innanlandssamráði
- Fylgiskjal III: Viðauki 7b: VDSL+ á Aðgangслейð 1, eins og hann var birtur í innanlandssamráði
- Fylgiskjal IV: Niðurstöður úr samráði PFS um drög að ákvörðun varðandi verð og skilmála fyrir VDSL+ fyrirtækjatengingar og lén og tengiskil vegna samtenginga
- Fylgiskjal V: Álit ESA